



Lokaskýrsla örorkunefndar Landssamtaka lífeyrissjóða

Örorkunefnd LL
September 2006

Til stjórnar
Landssamtaka lífeyrissjóða

Reykjavík, 14. september 2006

Eins og kunnugt er skipaði stjórn Landssamtaka lífeyrissjóða á fundi sínum þann 9. maí 2003 starfsnefnd til að fjalla um örorkulífeyrismál sjóðanna. Starfsnefndin sem hér eftir verður kölluð örorkunefnd skilaði af sér skýrslu þann 3. febrúar 2005 og lagði þar fram fjölmargar tillögur og leiðir um hvernig minnka mætti vaxandi örorkulífeyrisbyrði sjóðanna.

Á stjórnarfundi Landssamtaka lífeyrissjóða þann 30. júní 2005 spunnust miklar umræður um örorkumál lífeyrissjóðanna. Á fundinum voru m.a. lögð fram gögn um hlutfall örorkulífeyris af heildarlífeyrisgreiðslum sjóðanna á árunum 1998 til 2004 og hlutfall örorkulífeyris af heildartekjum yfir sama tímabil. Gögnin staðfestu vaxandi örorkulífeyrisbyrði sjóðanna. Samþykkt var á stjórnarfundinum að óska eftir því við nefndarmenn í örorkunefnd LL að nefndin tæki aftur til starfa. Jafnframt var þess farið á leit við nefndarmenn að nefndin gerði sjálfstæða könnun á því hvaða leiðir kæmu helst til greina varðandi hugsanlegar kerfisbreytingar í örorkulífeyrismálum sjóðanna.

Í framhaldi af fyrrgreindum umræðum á stjórnarfundi LL var haldinn fundur í nefndinni. Ákveðið var að fylgja í nefndinni um two menn og tóku sæti í nefndinni Friðjón Einarsson þáverandi framkvæmdastjóri Lífeyrissjóðs Suðurlands og Þorgeir Eyjólfsson forstjóri Lífeyrissjóðs verzlunarmanna. Friðjón hvarf til annarra starfa vorið 2006 og létt því af störfum.

Örorkunefndin hefur haldið allmarga fundi og eftirtaldir aðilar komu á fund hennar:

1. Tryggvi Þór Herbertsson forstöðumaður Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands.
2. Hannes G. Sigurðsson aðstoðarframkvæmdastjóri og forstöðumaður hagdeildar Samtaka atvinnulífsins.
3. Gylfi Arnbjörnsson framkvæmdastjóri Alþýðusambands Íslands.
4. Karl Steinar Guðnason forstjóri Tryggingastofnunar ríkisins.
5. Sigríður Lilly Baldursdóttir framkvæmdastjóri þróunarsviðs Tryggingastofnunar ríkisins.

6. Sigurbjörn Sveinsson formaður Læknafélags Íslands.
7. Sigurður Thorlacius tryggingayfirlæknir hjá Tryggingastofnun ríkisins.
8. Stefán Ólafsson prófessor hjá Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
9. Sigursteinn Másson formaður Öryrkjabandalags Íslands.
10. Guðríður Ólafsdóttir kjaramálaufulltrúi Öryrkjabandalags Íslands.
11. Ragnar Gunnar Þórhallsson formaður Sjálfsbjargar.
12. Matthildur Hermannsdóttir framkvæmdastjóri Greiðslustofu lífeyrissjóða.
13. Gunnar Páll Pálsson formaður VR.
14. Finnbjörn Hermannsson formaður Trésmiðafélags Reykjavíkur.
15. Sigurbjörg Kristmundsdóttir frá Afli, Starfsgreinasambandi Austurlands.
16. Guðrún Óladóttir frá Eflingu stéttarfélagi.
17. Pétur Maack frá Félagi járniðnaðarmanna.
18. Sigurður Bessason formaður Eflingar stéttarfélags.
19. Sigfús Eysteinsson frá Iðnsveinafélagi Suðurnesja.
20. Steingerður Gísladóttir frá Skrifstofu stéttarfélaganna á Húsvík.
21. Hilmar Harðarson frá FIT, Félagi iðn- og tæknigreina.
22. Rósmarý Úlfarsdóttir frá VR.

Örorkunefnd LL leggur fram með bréfi þessu annál örorkulífeyrismála frá 3. febrúar 2004 til 14. september 2006, merkt fylgiskjal nr. 1. Auk þess leggur nefndin fram tölulegar upplýsingar um örorkulífeyri sem hlutfall af heildarlífeyrismála frá 1998 til 2005, merkt fylgiskjal nr. 2. Einnig umræður og samantekt af ráðstefnu LL þann 6. apríl s.l. í PowerPoint-kynningu, merkt fylgiskjal nr. 3.

Eins og fram kemur í meðfylgjandi fylgiskjolum hefur margt gerst á undanförnum misserum í þessum málaflokk. Nefndin vekur þó sérstaka athygli á eftirfarandi efnispáttum:

1. Að frumkvæði Landssamtaka lífeyrissjóða og eins og fram kemur í fyrri örorkuskýrslu nefndarinnar var Félagi íslenskra tryggingastærðfræðinga falið að útbúa örorku- og endurhæfingartöflur sem byggðar væru á íslenskri reynslu lífeyrissjóðanna um tíðni örorku, en almennt hafði verið stuðst við danskar örorkulíkur með allt að 30% lækkun. Þeirri vinnu lauk í árslok 2004 og kom þá í ljós að um verulegt vanmat var að ræða á tíðni örorku við tryggingafræðilegar athuganir. Tíðni örorku var nokkuð misjöfn hjá lífeyrissjóðunum. Hjá sumum sjóðum var um að ræða minni líkur en samkvæmt dönsku örorkutöflunum, en algengara var að örorkubyrðin væri meiri hjá lífeyrissjóðum á almennum vinnumarkaði og að jafnaði væru íslenskar örorkulíkur um 5% yfir þeim dönsku. Samkvæmt nýju

örorkutöflunum þá fjölgar öryrkjum og sá tími sem þeir þiggja örorkubætur lengist að meðaltali miðað við eldri forsendur. Hjá körlum fjölgar öryrkjum um 5% og tíminn sem þeir fá örorkubætur lengist um 3,4 ár. Þegar þessar tvær forsendur eru vegnar saman, þ.e. fjölgun öryrkja og lægri meðalaldur, fjölgar þeim árum sem lífeyrir er greiddur um 37% hjá körlum. Hjá konum eykst örorkutiðnin um 16% og tími á örorkubótum lengist um 5,3 ár sem felur í sér að örorkulífeyrisárum kvenna fjölgar um 69%. Fyrir bæði kynin er fjölgun ára á lífeyri 56%.

2. Örorkunefnd LL minnir jafnframt á ráðstefnu Landssamtaka lífeyrissjóða um örorkumál sem haldin var 6. apríl s.l. Í samantekt ráðstefnunnar kemur skýrt fram að í Bandaríkjunum fer heimlingur þeirra sem eru fjarverandi frá vinnumarkaði lengur en 8 vikur ekki aftur út á vinnumarkaðinn og 85% þeirra sem eru frá vinnu í hálfþ ár eða lengur fara ekki aftur út á vinnumarkaðinn. Örorkunefndin leggur því mikla áherslu á að gripið verði nógu snemma til endurhæfingarúræða gagnvart þeim einstaklingum sem hverfa af vinnumarkaði, annað hvort vegna veikinda eða atvinnuleysis. Ljóst er að oft er orðið um seinan eða mjög erfitt að endurhæfa einstaklinga sem sækja um örorkulífeyrir allt að ári eftir brotthvarf af vinnumarkaði. Þetta er ferli sem helst þarf að hefjast áður en einstaklingarnir sækja um örorku hjá lífeyrissjóðunum og því þarf náið samráð lífeyrissjóðanna við atvinnurekendur og sjúkrasjóði verkalýðsfélaganna til þess að bregðast fljótt við slíkum aðstæðum.
3. Þann 13. febrúar s.l. skipaði forsetisráðherra nefnd sem m.a. skal fjalla um aðgerðir þannig að dragi úr vaxandi örorkubyrði. Verkefni nefndarinnar verður meðal annars að gera tillögur um samræmingu á viðmiðunum til örorkumats í almannatryggingakerfinu annars vegar og lífeyrissjóðakerfinu hins vegar þar sem fyrst og fremst verði horft til hæfi einstaklinga til að afla sér tekna. Jafnframt mun nefndin fjalla um leiðir til að efla starfsendurhæfingu í því skyni að hjálpa einstaklingum sem af einhverjum ástæðum hafa ekki fest rætur á vinnumarkaði eða þurft að hverfa af vinnumarkaði vegna atvinnuleysis eða örorku.


Áhersla verði lögð á að bjóða þjónustu þar sem litið verði til starfsgetu einstaklinganna. Jafnframt verði kerfið gert einfaldara og skilvirkara og tryggð betri yfirsýn yfir þau úrræði sem í boði eru hverju sinni. Við frekari útfærslu skal meðal annars tekið mið af niðurstöðum nefndar um

atvinnuleysistryggingar og vinnumarkaðsaðgerðir. Ríkisstjórn og aðilar vinnumarkaðarins munu koma sameiginlega að fjármögnun þessara aðgerða sem hafi það að markmiði að sem flestir verði aftur virkir á vinnumarkaði. Örorkunefnd forsætisráðherra stefnir að því að ljúka störfum um næstu áramót.


Örorkunefnd LL bindur vonir við störf nefndar forsætisráðherra og vill í því sambandi vekja athygli á nauðsyn þess að endurskipuleggja og styrkja starfsendurhæfingu hér á landi, m.a. með því að auka framboð á henni og með sveigjanlegu skipulagi sem bregðist fljótt við breytingum á vinnumarkaði, sbr. tölulið nr. 1. í tillögum nefndarinnar frá 3. febrúar 2005. Ljóst er að grípa þarf mjög snemma inn með markvissum aðgerðum gagnvart einstaklingum sem hverfa af vinnumarkaði, annað hvort vegna veikinda eða slysa eða vegna atvinnuleysis. Vinna þarf að skilvirkari og vandaðri vinnubrögðum við undirbúning örorkulífeyrisúrskurða, en nokkuð hefur borið á að úrskurðir hafa verið ótraustir hvað varðar gerð læknisvottorða. Með vísan til starfs örorkunefndar forsætisráðherra, sem Landssamtök lífeyrissjóða eiga aðild að, telja nefndarmenn að ekki séu efni til að halda störfum nefndarinnar áfram enda er umfjöllun um örorkumálin nú komin í annan farveg. Eigi að síður kemur til álita síðar að skipa aftur örorkunefnd á vegum LL, en það verður þá ákvörðun stjórnar samtakanna sem m.a. grundvallast á að ekki hafi tekist á fullnægjandi hátt að draga úr vaxandi örorkubyrði sjóðanna.

Reykjavík, 14. september 2006


Arnar Sigurmundsson, formaður örorkunefndar LL

Árni Guðmundsson

Borgeir Eyjólfsson

Haukur Hafsteinsson

Bórunn Sveinbjörnsdóttir


FYLGISKJAL NR. 1



Annáll örorkulífeyrismála

3. febrúar 2004 til 14. september 2006

Örorkunefnd LL
September 2006

Skýrsla örorkunefndar Landssamtaka lífeyrissjóða.

Örorkunefnd Landssamtaka lífeyrissjóða sem var skipuð af stjórn samtakanna þann 9. maí 2003 skilaði sérstakri skýrslu um störf sín þann 3. febrúar 2004. Nefndin taldi að engin ein auðveld lausn væri í sjónmáli til að stemma stigu við vaxandi örorkulífeyrisbyrði sjóðanna. Viðfangsefnið væri margslungið og flókið og leita þyrfti margra leiða til úrlausnar vandamálinu.

Niðurstöður nefndarinnar voru á þessa leið:

1. Nefndin telur mjög mikilvægt að endurskipuleggja og styrkja starfsendurhæfingu hér á landi m.a. með því að auka framboð á henni og hafa sveigjanlegt skipulag sem bregst fljótt við breytingum á vinnumarkaði. Lífeyrissjóðirnir þurfa að koma að skipulagningu og fjármögnun sameiginlegs starfsendurhæfingarkerfis með miðstöð starfsendurhæfingar þar sem unnt verði að meta endurhæfingarbörf eða vinnufærni og vísa í endurhæfingarárræði þegar við á. Kanna þarf sérstaklega hvort slík fjármögnun sé heimil samkvæmt nágildandi lífeyrissjóðalögum og ef svo er ekki að beita sér fyrir því að slík heimild fáist með lagabreytingu. Fjármögnun skilvirkar starfsendurhæfingar lækkar örorkulífeyrisbyrði lífeyrissjóðanna og er því góður fjárfestingakostur fyrir þá.
2. Stjórnvöld, sveitarfélög og frjáls félagasamtök þurfa að auka og efla forvarnir eftir því sem tök eru á enda sé síkt talið þjóðhagslega hagkvæmt til að minnka líkur á sjúkdómum síðar á starfsævinni. Efla þarf vinnuvernd og slysavarnir.
3. Mjög mikilvægt er að auka samstarf við sjúkrasjóði stéttarfélaga og grípa þannig nógu snemma inn í endurhæfingarferil sjóðfélagans. Því fyrr sem gripið er til skilvirkra úrræða þeim mun meiri líkur eru á því að sjóðfélaginn geti hafið launaða vinnu á ný. Koma þarf á samstarfi lífeyrissjóða og sjúkrasjóða stærstu stéttarfélaganna.
4. Vinna þarf að skilvirkari og vandaðri vinnubrögðum við undirbúning örorkulífeyris-úrskurða, en nokkur brögð hafa verið að því að úrskurðir hafa verið ótraustir vegna ófullnægjandi upplýsinga. Starfsnefndin fagnar þeim rammasamningi sem Landssamtök lífeyrissjóða hafa gert við hóp lækna varðandi mat á orkutapi og telur að samningurinn hafi leitt af sér vandaðri vinnubrögð.
5. Athuga þarf hvort breyta þurfi lífeyrissjóðalögunum nr. 129/1997 þannig að heimilt sé að hafna greiðslu örorkulífeyris ef orkutap hefur varað skemur en í eitt ár. Jafnframt og samhliða þurfa stjórnvöld að hækka sjúkradagpeninga almanna-trygginga.
6. Að mati nefndarinnar þarf að draga úr langtímaatvinnuleysi, m.a. með því að styrkja starfsendurmenntun og atvinnumiðlanir.
7. Heimilt verði að draga skaðabætur fyrir örorku af völdum slysa frá örorkulífeyri sjóðanna. Til þess þarf breytingu á skaðabótalögum.
8. Huga þarf að breytingum á samþykktum eða lögum lífeyrissjóða varðandi framreikningsreglur vegna örorkulífeyris með það í huga að þrengja reglurnar. Ákvæði 4. gr. lífeyrissjóðalaganna um lágmarkstryggingarvernd geta þó sett skorður varðandi mismunandi réttindi til efla- eða örorkulífeyris. Það atriði þarf að skoða sérstaklega.
9. Skoða þarf hvort um sé að ræða vanmat varðandi tryggingafræðilega athugun á örorkulífeyrisbyrði lífeyrissjóðanna, en almennt er stuðst við danskar örorkulíkur með allt að 30% lækkun. Nauðsynlegt er að Félag íslenskra tryggingastærðfraðinga vinni upp íslenskan staðal með örorku- og endurhæfingarlíkum.

Nefndin lagði til við stjórn Landssamtaka lífeyrissjóða að hafin verði samvinna við hagsmunaadila og stjórvöld til að hrinda þessum tillögum í framkvæmd.

Íslenskar örorkulíkur.

Að frumkvæði Landssamtaka lífeyrissjóða var Félagi íslenskra tryggingastærð-fræðinga falið að útbúa örorku- og endurhæfingartöflur sem byggðar væru á innlendri reynslu um tíðni örorku, en almennt hafði verið stuðst við danskar örorkulíkur með allt að 30% afslætti. Þeirri vinnu lauk í árslok 2004 og kom þá í ljós að um verulegt vanmat var að ræða á tíðni örorku við tryggingafræðilega athugun. Tíðni örorku virtist hins vegar misjöfn hjá lífeyrissjóðunum. Hjá sumum sjóðum var hægt að gefa afslátt miðað við dönsku örorkutöflunar en hitt var mun algengara að örorkubyrðin væri meiri hjá lífeyrissjóðum á almennum vinnumarkaði og yfir meðaltalið eru íslenskar örorkulíkur um 5% yfir þeim dönsku. Samkvæmt danska reiknigrundvellinum var samband aldurs og örorku mun sterkara og þeim fjölgaði mun hraðar eftir að komið var fram yfir miðjan aldur. Samkvæmt nýja reiknigrundvellinum, sem byggist eins og áður segir á innlendri reynslu, hægist mjög á aukningu örorkutíðni um miðjan aldur og hún stöðvast eftir fimmtugt og fer síðan minnkandi eftir sextugsaldurinn. Örorkubyrðin ræðst af fjölda öryrkja og þeim tíma sem þeir fá örorkubætur. Samkvæmt nýju örorkutöflunum þá eykst bæði fjöldi öryrkja og sá tími sem þeir fá örorkubætur að meðaltali miðað við eldri forsendur. Hjá körlum fjölgar öryrkjum um 5% og tíminn sem þeir fá örorkubætur lengist um 3,4 ár. Þegar þessar tvær forsendur eru vegnar saman, þ.e. fjölgun öryrkja og lægri meðalaldur, þá fjölgar þeim árum sem lífeyrir er greiddur um 37% hjá körlum. Hjá konum eykst örorkutíðnin um 16% og tími á örorkubótum lengist um 5,3 ár sem felur í sér að örorkulífeyrisárum kvenna fjölgar um 69%. Fyrir bæði kynin er fjölgun ára á lífeyri 56%.

Lokaskýrsla um starfsendurhæfingu.

Á árinu 2002 skipaði heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra starfshóp um starfsendurhæfingu. Í skipunarbréfi kemur fram að tillögur hópsins ættu að lúta að bættri þjónustu á sviði starfsendurhæfingar og hafa að leiðarljósi þarfir þeirra einstaklinga sem þurfa aðstoð við að fóta sig á nýjum eða breyttum starfsvettvangi.

Í starfshópinn voru skipaðir: Sigurður Thorlacius tryggingayfirlæknir, formaður, tilnefndur af Tryggingastofnun ríkisins, Guðmundur Hilmarsson tilnefndur af Alþýðusambandi Íslands, Gunnar Kr. Guðmundsson endurhæfingarlæknir tilnefndur af Samstarfsráði um endurhæfingu, Hrafn Magnússon framkvæmdastjóri tilnefndur af Landssamtökum lífeyrissjóða, Ragnar Árnason lögfræðingur tilnefndur af Samtökum atvinnulífsins, Sigurður P. Sigmundsson hagfræðingur tilnefndur af Vinnumálastofnun og Þór G. Þórarinsson skrifstofustjóri tilnefndur af félagsmálaráðuneytinu.

Starfshópurinn skilað lokaskýrslu þann 14. febrúar 2005 og eru meginniðurstöðurnar þessar:

- Ef starfsendurhæfingu er beitt snemma í óvinnufærniferli er hún áhrifarík leið til að fyrirbyggja ótímaþæra örorku.
- Beinn fjárhagslegur sparnaður fyrir þjóðfélagið við að forða örorku hjá einum einstaklingi er um 30 milljónir króna.
- Endurskipuleggja þarf starfsendurhæfingu og auka framboð og sveigjanleika til að bregðast við breyttum þörfum á vinnumarkaði.
- Lagt er til að rætt verði við hagsmunaadila um aðild þeirra að skipulagningu og fjármögnun sameiginlegs starfsendurhæfingarkerfis með einni miðstöð til að meta starfsendurhæfingar-þörf einstaklinga og vísa þeim í úrræði. Miðstöðin hafi sjálfstæða stjórn skipaða fulltrúum þeirra sem koma að verkefninu. Gert ráð fyrir að rekstur endurhæfingarmiðstöðvarinnar kosti um 40 milljónir kr. á

ári. Á móti kemur um 20 milljón kr. sparnaður sem verður vegna flutnings verkefna til miðstöðvarinnar. Með betri nýtingu á starfskröftum og auknu samstarfi má gera ráð fyrir töluberðri hagræðingu og þar með óbeinum sparnaði til viðbótar. Auk þess er miðstöðinni ætlað að þjóna fleiri einstaklingum en gert er í dag.

- Endurskoða þarf lagaákvæði um endurhaefingarlífeyri þannig að endurhaefingarlífeyrir geti nýst þeim sem þarfnað langvarandi starfsendurhæfingar.
- Þörf er á að breyta læknisvottorðum vegna fjarvista frá vinnu þannig að þau endurspeglí tímanlega hvort þörf kunni að vera á starfsendurhæfingu.
- Hækka og samræma þarf sjúkradagpeninga frá Tryggingastofnun og sjúkrasjóðum. Samræma þarf greiðslur frá sveitarfélögum vegna félagslegrar framfærslu.
- Efla þarf sértækar greiðslur til atvinnulausra til að hvetja þá til náms og starfsendurhæfingar og inn á vinnumarkaðinn að nýju.

Tillögur nefndarinnar hafa alltof lengi verið í skoðun hjá stjórnvöldum, því mjög brýnt er að endurskipulegga starfsendurhæfingu, m.a. með því að koma á fót miðstöð starfsendurhæfingar hér á landi. Stöðugt vaxandi örorkulífeyrisbyrði kallar á skilvirk úrræði á sem flestum sviðum og þar á meðal er starfsendurhæfing einn mikilvægasti þátturinn í þeirri vegferð.

Samið um jöfnun á örorkubyrði lífeyrissjóðanna.

Í tengslum við samkomulag Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins frá 15. nóvember 2005 gaf ríkisstjórnin út yfirlýsingu þar sem stjórnvöld lýsa sig reiðubúin til samstarfs við Alþýðusamband Íslands og Samtök atvinnulífsins um leiðir sem auk aðgerða á vettvangi lífeyrissjóðanna sjálfra draga úr vaxandi örorkubyrði lífeyrissjóða og jafna stöðuna milli einstakra sjóða. Til að vinna að framgangi þessa máls mun forsætisráðherra skipa nefnd fulltrúa stjórnvalda, aðila vinnumarkaðarins og lífeyrissjóða.

Verkefni nefndarinnar verður meðal annars að gera tillögur um samræmingu á viðmiðunum til örorkumats í almannatryggingakerfinu annars vegar og lífeyrissjóðakerfinu hins vegar þar sem fyrst og fremst verði horft til vangetu einstaklinga til að afla sér tekna.

Jafnframt mun nefndin fjalla um leiðir til að efla starfsendurhæfingu í því skyni að hjálpa einstaklingum sem af einhverjum ástæðum hafa ekki fest rætur á vinnumarkaði eða hafa þurft að hverfa af vinnumarkaði vegna atvinnuleysis eða örorku.

Áhersla verði lögð á að bjóða einstaklingsmiðaða þjónustu þar sem litið verði til starfsgetu einstaklinganna. Jafnframt verði kerfið gert einfaldara og skilvirkara og tryggð betri yfirsýn yfir þau úrræði sem eru í boði hverju sinni.

Við frekari útfærslu skal meðal annars tekið mið af niðurstöðum nefndar um atvinnuleysistryggingar og vinnumarkaðsaðgerðir. Ríkisstjórn og aðilar vinnumarkaðarins munu koma sameiginlega að fjármögnun þessara aðgerða sem hafi það að markmiði að sem flestir verði aftur virkir á vinnumarkaði.

Nefndin var skipuð 13. febrúar 2006 og hefur nú haldið nokkra fundi. Nefndin er þannig skipuð: Bolli Þór Bollason, formaður nefndarinnar, Davíð Á. Gunnarsson, Gissur Pétursson, Gunnar Gunnarsson, Gylfi Arnbjörnsson, Hannes G. Sigurðsson, Hallgrímur Guðmundsson, Hrafn Magnússon, Pétur Blöndal og Ragnar Gunnar Þórhallsson.

Ríkisstjórnin lýsti því jafnframt yfir að hún væri reiðubúin til að greiða fyrir jöfnun á örorkubyrði milli lífeyrissjóða á samningssviði Alþýðusambands Íslands og Samtaka

atvinnulífsins með framlagi sem svarar til 0,25% af tryggingagjaldsstofni samkvæmt nánari útfærslu milli aðila, sem komi til framkvæmda á þremur árum, 0,15% 2007, 0,20% 2008 og 0,25% 2009. Miðað við að tryggingagjaldstofninn sé nú 600 milljarðar króna verður framlagið m.v. óbreyttan stofn um 900 m.kr. 2007, um 1.200 m. kr. 2008 og um 1.500 m.kr. 2009 og framvegis. Athygli er vakin á því að þetta framlag til jöfnunar á örorkubyrði sjóðanna á einungis við um lífeyrissjóði á samningssviði Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins.

Skýrsla un fjölgun öryrkja.

Þann 20. apríl 2005 kom út skýrsla um ástæður fyrir fjölgun öryrkja sem Tryggvi Þór Herbertsson forstöðumaður Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands tók saman fyrir Heilbrigðisráðuneytið. Í skýrslunni segir að fjölgun öryrkja megi í meginatriðum rekja til breyttrar aldurssamsetningar þjóðarinnar, hertra krafna um arðsemi á vinnu-markaði, hækkanar örorkulífeyrir umfram atvinnuleysisbætur og breyttir örorkumats-staðals.

Öryrkjum hafi fjöldað mikið á síðustu árum og fleiri ungmanni innan 19 ára aldurs þiggi hér lífeyri af einhverju tagi en annars staðar á Norðurlöndum. Yngstu bótaþegarnir voru þannig um 136% fleiri hér borið saman við fjöldann annars staðar á Norðurlöndum árið 2002. Hlutfall öryrkja 40 til 49 ára er svipað hér og annars staðar á Norðurlöndum. Eftir 50 ára aldur snýst dæmið við og þá verður örorka mun algengari í grannlöndunum en hér. Segir í skýrslunni að þetta sé áhyggjuefni því ekki einungis séu íslenskir öryrkjar að yngjast heldur virðist þessi þróun ekki eiga sér hliðstæðu annars staðar á Norðurlöndum.

Í skýrslunni kemur meðal annars fram að ef útgjöld vegna örorkulífeyrir væru þau sömu í framtíðinni og árið 2004 megi ætla að áfallnar skuldbindingar kerfisins nemni um 165 milljörðum króna miðað við 3,5% ávöxtunarkröfu. Augljóst sé að ef örorkulífeyrisþegar eru að yngjast, þá muni það leiða til aukins kostnaðar í framtíðinni. Þannig myndi eins árs hækkan á líftíma meðalbóta leiða til um 6,5 milljarða hækkanar á áföllnum skuldbindingum.

Sennilega sé áhrifamesta aðgerðin til að hvetja öryrkja til að fara út á vinnu-markaðinn og letja fólk til að sækja um örorkumat sú að draga úr fjárhagslegum ávinningi af því að vera á örorkubótum. Fyrir fólk á lágum tekjum felist lítil arðsemi í því að fara af örorkubótum í vinnu og í mörgum tilfellum sé hún jafnvel neikvæð. Arðsemina megi auka með ýmsum ráðum. Skilvirkasta leiðin til úrbóta væri að samræma fjárhagslegan stuðning við barnafólk þannig að hann færi allur fram í gegnum almenna barnabótakerfið en ekki í gegnum Tryggingastofnun, sveitarfélögum og verkalýðsfélögum eins og málum er nú háttað. Þó að þessi breyting sé ef til vill nokkuð róttæk hefði hún í för með sér mun gagnsærra og einfaldara kerfi og fjárhagsstuðningi við hópa eins og öryrkja og atvinnulausa yrði ekki blandað saman við fjárhagsstuðning við barnafólk.

Skýrsla Stefáns Ólafssonar "Örorka og velferð á Íslandi og öðrum vestrænum löndum"

Í desember 2005 kom út viðamikil skýrsla Stefáns Ólafssonar prófessors við Félagsvísindadeild Háskóla Íslands. Öryrkjabandalag Íslands var styrktaraðili skýrslunnar. Í skýrslunni er gerð grein fyrir umfangi, einkennum og þróun örorku á Íslandi með samanburði við örorkumál grannríkjanna á Vesturlöndum. Einnig er fjallað um kjör íslenskra öryrkja, þjónustu velferðarkerfisins, þjóðfélagsaðstæður og stefnu og aðgerðir stjórvalda í málum fatlaðra og öryrkja. Tilgangur skýrslunnar er sá að skýra stöðu þessara mála og framvindu á síðustu árum, draga lærdóm af reynslu grannríkjanna og búa í haginn fyrir framtíðarstarf á þessu sviði velferðarmálanna. Skýrslan er eins og áður segir mjög viðamikil. Hér verður því aðeins gripið niður í þann kafla skýrslunnar sem fjallar um útgjöld til örorkumála, en einnig minnst á þörf á starfsendurhæfingu.

"Íslendingar leggja tiltölulega stórt hlutverk á örorkulífeyriskerfið samanborið við sjúkra- dagpeningakerfið og aðra skylda þætti velferðarkerfisins. Samt eru útgjöld til örorkumála ekki óvenju mikil hér á landi eins og búast mætti við. Heildarútgjöld vegna örorkumála og skyldra sviða (sjúkradagpeninga og slysatrygginga) eru vel undir meðaltali Evrópuríkjanna.

- Ef litið er á örorkulífeyriskerfið eitt og sér hafa Íslendingar um langt árabil verið með lægstu útgjöldin á Norðurlöndum. Með fjölgun öryrkja hér á síðustu árum hefur dregið saman með þjóðunum. Samt voru útgjöld Íslendinga enn lægst árið 2003.
- Hæst voru útgjöldin í Noregi og Svíþjóð, 4,5-4,6% af þjóðarframleiðslu, þá kom Danmörk með 4,1%, en Finnar voru með 3,5% það árið og Íslendingar 3,4%. Hinir þjóðirnar hafa að auki útgjöld vegna öryrkja á öðrum sviðum velferðarkerfisins í mun meiri mæli en Íslendingar.
- Útgjöld á hvern íbúa vegna örorkulífeyris voru lægri á Íslandi en í hinum norrænu löndunum allt tímabilið frá 1997 til 2003 (þrátt fyrir að Ísland hafi notið hagstæðra áhrifa af gengisþróun). Árið 2001 voru heildarútgjöld Íslands vegna örorkulífeyris eins og sér um 2,8% af þjóðarframleiðslu eða nærrí meðallagi Evrópusambandsríkjanna. Útgjöld Íslands höfðu hækkað úr 1,6% árið 1990, en þá voru þau talsvert undir meðallagi Evrópusambandsríkjanna.
- Ísland er með óvenju lítil útgjöld vegna sjúkralífeyris (sjúkradagpeninga), enda er stór hluti af verkefnum þess hluta velferðarkerfisins lagður á örorkulífeyriskerfið hér á landi. Útgjöld vegna sjúkradagpeninga voru um 0,1% af þjóðarframleiðslu á Íslandi árið 1998 en hjá skandinavísku þjóðunum var það frá 0,7% til 1,5% af þjóðarframleiðslu.
- Á heildina litið er því óhætt að segja að Ísland hafi litla útgjaldabyrði af örorkumálum í samanburði við aðrar Evrópubjóðir, enda öryrkjar hvort sérstaklega margir né örlæti örorkulífeyrisgreiðslna mikið á Íslandi."

Í skýrslu Stefáns kemur fram að fólk í starfsendurhæfingu sem hlutfall af fjölda öryrkja á árinu 2003 hafi numið 4,4%. Sambærilegt hlutfall í Danmörk er 19,2%, í Finlandi 22,3%, í Noregi 39,0% og í Svíþjóð 10,4%. Segir í skýrslunni að stórauka þurfi starfsendurhæfingu hér á landi, því mun færri taki þátt í slíku starfi en á hinum Norðurlöndunum. Munurinn sé margfaldur og ljóst sé að Íslendingar séu langt á eftir grannríkjum á þessu sviði. Frampróun á þessu sviði hafi verið ör á síðasta áratug og svo virðist sem Ísland hafi ekki fylgt þeirri þróun nægilega vel.

Samningur um fjármögnun á stöðu dósents í tryggingalæknisfræði.

Þann 19. janúar s.l. var undirritaður samningur milli Háskóla Íslands annars vegar og Tryggingastofnunar ríkisins, Landssamtaka lífeyrissjóða og Sambands íslenskra tryggingafélaga hins vegar um fjármögnun á starfi dósents í tryggingalæknisfræði við læknadeild HI. Markmiðið er að efla rannsóknir og kennslu á þessu sviði en um er að ræða stöðu dósents í fullu starfi til fimm ára. Sigurður Thorlaciusr tryggingayfirlæknir hefur verið ráðinn í stöðuna.

Dósentinn fær aðstöðu við læknadeild og nýtur réttinda sem einn af dósentum hennar. Miðað er við að starfsskyldur Sigurðar skiptist með venjubundnum hætti milli rannsókna, kennslu og stjórnunar. Gert er ráð fyrir því að staðan breytist í prófessorsstöðu á samningstímanum.

Sigurður mun stunda rannsóknir á sviði tryggingalæknisfræði, m.a. á grundvelli gagna frá Tryggingastofnun, lífeyrissjóðum og vátryggingafélögum og í samvinnu við þessa aðila og fræðimenn.

Rannsóknirnar geta m.a. fjallað um forsendur örorku sem metin er hjá TR vegna lífeyristrygginga almannatrygginga, orsakir orkutaps samkvæmt niðurstöðum örorkumats hjá lífeyrissjóðunum, forsendur matsgerða samkvæmt skaðbótalögum vegna slysa, sampil heilsufars og félagslegra aðstæðna í örorku/orkutapi, viðfangsefni í sjúkra-, slysa- og líftryggingum og viðfangsefni í sjúklingatryggingu. Ennfremur er honum ætlað að stunda kennslu og fjalla m.a. um uppbryggingu velferðarkerfisins á Íslandi og gerð læknisvottorða. Ráðið var í stöðuna 1. mars s.l.

Fáir öryrkjar snúa aftur til vinnu eftir örorkumat.

Fáir Íslendingar snúa aftur til vinnu eftir að þeim hefur verið metin örorka. Sigurður Thorlaciusr tryggingayfirlæknir og Tryggvi Þór Herbertsson hagfræðingur hafa kannað stöðu þeirra sem metnir voru í fyrsta sinn til örorku vegna lífeyristrygginga á Íslandi á árinu 1992. Niðurstaða þeirra er sú að fáir öryrkjar snúa aftur til starfa (sjá Læknablaðið 6. tbl. 2005).

Tilgangur rannsóknarinnar var að kanna hvað verður um þá sem metnir eru til örorku á Íslandi. Könnuð var staða þeirra sem metnir voru í fyrsta sinn til örorku vegna lífeyristrygginga á Íslandi á árinu 1992 í örorkuskrá Tryggingastofnunar ríkisins 30. nóvember 2003. Kannað var hvort þeir væru enn öryrkjar eða hefðu láttist, orðið ellilífeyrisþegar eða fallið af örorkuskrá af öðrum orsökum.

Niðurstöðurnar eru þær að á árinu 1992 voru 725 Íslendingar metnir til örorku, 428 konur og 297 karlar. Tólf árum síðar, eða 30. nóvember 2004, höfðu 434 úr hópnum fallið af örorkuskrá, 240 konur og 194 karlar. Langlestir höfðu fallið af skránni vegna þess að þeir höfðu sest í helgan stein eða dáíð, að meðaltali 88% kvenna og 91% karla á ári. Einungis 12% kvenna og 9% karla höfðu af öðrum orsökum horfið af örorkuskrá og komið að öllum líkindum aftur inn á vinnumarkað.

Dregin er sú ályktun að fáir Íslendingar snúa aftur til vinnu eftir að þeim hefur verið metin örorka. Höfundarnar telja að skoða þurfi hvað hægt sé að gera til að breyta þessu, svo sem með starfsendurhæfingu, aðgerðum til að örva atvinnurekendur til að ráða fólk með skerta starfsgetu í vinnu og endurskoðun tekjutengingar örorkubóta.

Sterk tengsl á milli örorku og atvinnuleysis.

Sigurður Thorlacius hefur í könnun sinni á árinu 2005 sýnt fram á sterktengsl nýgengis örorku og atvinnuleysisstigs. Dregið hefur úr atvinnuleysi og því búast við að nýgengi örorku hafi hætt að aukast eða hafi jafnvel minnkað. Hjá konum fjölgæði nýjum öryrkjum hjá Tryggingastofnun ríkisins frá 2002 til 2003 um 28% og frá 2003 til 2004 um 21%, sem er langt umfram fjölgun þjóðarinnar á sama tíma. Frá 2004 til 2005 fjölgæði öryrkjum hins vegar aðeins um 9% og örorkulífeyrisþegum um 6%. Hjá körlum fjölgæði nýjum öryrkjum hjá TR frá 2002 til 2003 um 43% og frá 2003 til 2004 um 37%. Frá 2004 til 2005 fækkaði nýjum öryrkjum í hópi karla hins vegar um 7% og örorkulífeyrisþegum um 13%.

Á árinu 2005 hefur dregið úr fjölgun öryrkja hjá TR á meðal kvenna og fækkað nýjum öryrkjum í hópi karla miðað við árið 2004. Á sama tíma hefur atvinnuástand farið batnandi. Þetta staðfestir þau tengsl á milli nýgengis örorku og umfangs atvinnuleysis sem áður hefur verið sýnt fram á. Þessar niðurstöður eru í heildina í góðu samræmi við tölur í skýrslu Vinnumálastofnunar um atvinnuástand í júlí 2005. Þar kom fram að atvinnulausum hafði í júlí 2005 fækkað um 33% frá júlí 2004 og að mun meira hafi dregið úr atvinnuleysi á meðal karla en kvenna. Jafnframt kom fram að atvinnuleysi hafi hjá körlum minnkað hlutfallslega meira á höfuðborgarsvæðinu en á landsbyggðinni, en hjá konum hafi það minnkað álíka mikið á báðum svæðunum. Hins vegar hefur hlutfall ungs atvinnulauss fólks minnkað á meðan nýgengi örorku hefur aukist hjá yngri körlum. Í heildina styrkja þessar niðurstöður þá ályktun að sterktengsl séu á milli nýgengis örorku og atvinnuleysisstigs hér á landi og að ekki séu skýr mörk á milli heilsubrests og atvinnuleysis.

Íslenska lífeyriskerfið í umbreytingu.

Samtök atvinnulífsins hafa gefið út *Íslenska lífeyriskerfið í umbreytingu*. Þar er í fyrsta sinn lagt mat á samspli almannatrygginga og lífeyrissjóðana næstu áratugina en líkur eru á að smám saman verði hlutverk lífeyrissjóðanna yfirgnæfandi þegar kemur að greiðslu lífeyris í stað hins opinbera. Í skýrslunni er dregin upp mynd af framtíðarþróun íslenska lífeyriskerfisins og þeim áskoranum sem það stendur frammi fyrir. Til að varpa ljósí á þessar áskoranir gerðu SA könnun á tryggingafræðilegum uppgjörum 15 lífeyrissjóða. Um framrekning á lífeyrisgreiðslum næstu áratugi sá Bjarni Guðmundsson tryggingastærðfræðingur.

Í þessari skýrslu er í fyrsta sinn lagt mat á samspli greiðslna Tryggingastofnunar ríkisins og lífeyrisgreiðslna lífeyrissjóða. Það leiðir í ljós að meðallífeyrir frá lífeyrissjóðum, sem er nú um 60 þúsund kr. á mánuði, muni tvöfaldast á næstu 25 árum og verða 120 þúsund árið 2030. Nýir lífeyrisþegar fá nú um 80 þúsund kr. á mánuði að meðaltali úr lífeyrissjóðunum en sú fjárhæð mun tvöfaldast á næstu þremur áratugum. Lífeyrissjóðir á almennum vinnumarkaði glíma við vanda vegna aukinnar örorkutíðni og lengri meðalævi. Uppgjör ársins 2004 leiða í ljós að vanmat á framtíðarörorkubyrði sjóðanna hefur verið töluvert á undanförnum árum. Einkum er tilni örorku hjá konum mun meira en áður var talið. Þrátt fyrir góða ávöxtun eigna lífeyrissjóðanna á árinu 2004 versnaði tryggingafræðileg staða þeirra á árinu.

Örorkuráðstefna LL.

Landssamtök lífeyrissjóða efndu til fjölmennrar örorkuráðstefnu þann 6. apríl s.l. Framsögumenn voru eftirtaldir:

Hannes G. Sigurðsson aðstoðarframkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, sem fjallaði um "Lífeyriskerfi í umbreytingu - samspil almannatrygginga og lífeyrissjóða," með hliðsjón af nýlegri skýrslu SA um íslenska lífeyriskerfið í umbreytingu.

Sigurður Thorlacius dósent í tryggingalæknisfræði fjallaði um "Hvaða gagn geta lífeyrissjóðirnir haft af nýju starfi dósents í tryggingalæknisfræði?" en Sigurður mun stunda rannsóknir á svið trggingslæknisfræði, m.a. á grundvelli gagna frá lífeyrissjóðunum.

Stefán Ólafsson prófessor hjá Félagsvísendastofnun Háskóla Íslands greindi frá skýrslu sinni um "Örorku og velferð á Íslandi og öðrum vestrænum löndum" með áherslu á þá þætti skýrslunnar sem varða fjölgun öryrkja og starfsendurhæfingarúrræði.

Pétur H. Blöndal alþingismaður fjallaði um hugmyndir sínar og tillögur um "Örorkumatið og samspil lífeyrissjóða við önnur tryggingakerfi" og þ.á.m. um vandamál í núverandi kerfi tekjutryggingar vegna örorku, veikinda og slysa.

Guðrún Hannesdóttir forstöðumaður Hringsjár hafði framsögu um mikilvægi menntunar sem liðar í starfsendurhæfingu í erindi sínu sem hún nefndi "Mennt er máttur - Hringsjá, stikla til starfs."

Að lokum flutti erindi Gunnar K. Guðmundsson yfirlæknir atvinnulegar endurhæfingar á Reykjavík. Erindið sem nefndist "Réttur til vinnu í stað bóta," fjallaði um hvaða endurhæfingarleiðir eru færar þegar að grípa á strax inn í vegna veikinda.

Umræður og samantekt fóru síðan fram undir stjórn Arnars Sigurmundssonar. Ráðstefnustjóri var Þórunn Sveinbjörnsdóttir.

Tekjuathugun Greiðslustofu lífeyrissjóða.

Samkvæmt tekjuathugun sem Greiðslustofa lífeyrissjóða gerði í júlímaðuði s.l. kom í ljós að tæplega 19% af örorkulífeyrisþegum eða um 1200 manns eru með það háar tekjur eftir orkutap að bætur þeirra munu að öllum líkindum falla niður hjá viðkomandi lífeyrissjóðum. Þar að auki munu bætur rúmlega 17% bótaþega eða um 1100 manns verða lækkaðar. Ekki verður krafist endurgreiðslu á ofgreiddum örorkulífeyri. Hugsanlega geta viðkomandi bótaþegar átt rétt á hærri greiðslum frá Tryggingastofnun ríkisins vegna þessara ráðstafana. Bætur rúmlega 64% örorkulífeyrisþega eða um 4100 manns munu hins vegar ekki skerðast eða falla niður.

Samkvæmt samþykktum lífeyrissjóða stofnast því aðeins réttur til örorkulífeyris að sjófélagi hafi orðið fyrir tekjuskerðingu af völdum orkutapsins. Aldrei skal samanlagður örorkulífeyrir og barnalífeyrir frá lífeyrissjóðunum vera hærri en sem nemur þeim tekjumissi sem sjófélaginn hefur sannanlega orðið fyrir sökum örorkunnar.

Við útreikning tekjumissis skal tekið tillit til atvinnutekna örorkulífeyrisþegans, lífeyris- og bótagreiðslna frá almannatryggingum og öðrum lífeyrissjóðum og kjarasamningsbundinna tryggingabóta sem hann nýtur vegna örorkunnar. Til mats á því hvort tekjuskerðing hafi orðið vegna örorkunnar skal úrskurða sjófélaganum viðmiðunar- tekjur, sem skulu vera meðaltal tekna sjófélagans síðustu almanaksárin fyrir

orkutapið og skulu viðmiðunartekjurnar taka breytingum í samræmi við breytingar sem verða á vísitölu neysluverðs.

Ákveðið hefur því verið að breyta örorkulífeyri til samræmis við tekjuathugun GL frá og með 1. nóvember 2006. Greiðslur örorkulífeyris fram að þeim tíma verða hins vegar óbreyttar. Þannig gefst sjóðfélögum tækifæri til að koma á framfæri athugasemdum og skýringum telji þeir efni standa til slíks.

Rétt er að geta þess að þessi tekjuathugun á eingöngu við neðangreinda lífeyrissjóði sem eiga aðild að Greiðslustofu lífeyrissjóða:

1. Gildi lífeyrissjóður.
2. Lífeyrissjóður Austurlands.
3. Lífeyrissjóður Bolungarvíkur (nú Frjálsi lífeyrissjóðurinn).
4. Lífeyrissjóður bænda.
5. Lífeyrissjóður Norðurlands.
6. Lífeyrissjóður Rangæinga.
7. Lífeyrissjóður Suðurlands (nú Festa lífeyrissjóður).
8. Lífeyrissjóður Vestfirðinga.
9. Lífeyrissjóður Vestmannaeyja.
10. Lífeyrissjóður Vesturlands (nú Festa lífeyrissjóður).
11. Lífeyrissjóðurinn Lífiðn (nú Stafir lífeyrissjóður).
12. Sameinaði lífeyrissjóðurinn.
13. Samvinnulífeyrissjóðurinn (nú Stafir lífeyrissjóður).
14. Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda.

Aðalbreytingin í framkvæmdinni er sú að núna er tekið mið af atvinnutekjum örorkulífeyrisþegans, lífeyris- og bótagreiðslum frá almannatryggingum og öðrum lífeyrissjóðum og kjarasamningsbundnum tryggingabótum, sem hann nýtur vegna örorkunnar, en áður var nær eingöngu litið til launatekna bótaþegans. Á undanförnum árum og áratugum hefur hlutfall örorkubóta í greiðslum lífeyrissjóðanna farið vaxandi og er nú svo komið að örorkulífeyrir er allt upp í 44% af heildargreiðslum einstakra sjóða.

Landssamtök lífeyrissjóða

2.10.2006


FYLGISKJAL NR. 2 ÖRORKULÍFÉYRIR SEM HLUTFALL AF HEILDARLÍFÉYRISGREIÐSLUM

Lífeyrissjóður	Ár 1998	Ár 1999	Ár 2000	Ár 2001	Ár 2002	Ár 2003	Ár 2004	Ár 2005
Lífeyrissjóður Austurlands	44,6%	42,2%	42,1%	45,0%	43,9%	43,5%	43,0%	43,6%
Lífeyrissjóður Vestmannaeyja	47,4%	47,3%	46,1%	44,7%	44,8%	44,4%	42,9%	42,6%
Lífeyrissjóður Bolungarvíkur	39,8%	42,3%	41,9%	38,9%	38,7%	39,0%	40,3%	41,0%
Lífeyrissjóður Suðurlands	38,0%	36,7%	33,4%	39,4%	41,8%	42,3%	41,9%	39,6%
Gildi lífeyrissjóður								34,8%
Lífeyrissjóður Vestfirðinga	42,4%	42,3%	40,3%	37,9%	37,0%	36,1%	37,0%	34,7%
Lífeyrissjóður Norðurlands	33,3%	35,0%	33,8%	31,8%	32,4%	32,8%	33,7%	34,1%
Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda	31,3%	31,6%	34,4%	37,7%	38,3%	35,3%	34,3%	32,8%
Lífeyrissjóður Vesturlands	38,5%	36,2%	35,7%	33,6%	32,8%	31,5%	30,3%	31,7%
Lífeyrissjóður Lífiðn	33,2%	32,4%	30,3%	30,3%	30,3%	33,1%	30,7%	31,4%
Lífeyrissjóður Rangæinga	29,1%	28,4%	27,9%	27,6%	28,6%	32,1%	28,1%	31,3%
Lífeyrissjóður verzlunarmanna	24,6%	23,7%	23,7%	24,5%	25,4%	26,2%	27,2%	27,6%
Sameinaði lífeyrissjóðurinn	18,5%	17,6%	17,3%	17,6%	18,3%	19,0%	19,0%	
Lífeyrissjóður bænda	22,6%	19,2%	19,4%	18,0%	17,7%	17,3%	15,9%	15,3%
Samvinnulífeyrissjóðurinn	13,9%	14,9%	15,6%	16,1%	15,2%	15,9%	15,8%	12,5%
Lífeyrissjóður sjómannna	42,0%	42,0%	42,0%	43,0%	43,0%	43,0%	43,0%	
Lífeyrissjóðurinn Framsýn	29,0%	28,0%	30,0%	30,0%	29,3%	28,9%	29,6%	
Lífeyrissjóður Suðurnesja	41,3%	39,8%	42,6%	39,5%	38,6%	37,7%	37,7%	

Landssamtök lífeyrissjóða

2.10.2006

Lífeyrissjóður	Ár 1998	Ár 1999	Ár 2000	Ár 2001	Ár 2002	Ár 2003	Ár 2004	Ár 2005
Samtals allir lífeyrissjóðir	17,2%	16,2%	16,0%	16,3%	16,5%	16,6%	17,3%	18,1%
Með ábyrgð launagreiðenda	4,5%	4,4%	4,8%	4,9%	4,8%	4,8%	5,3%	7,3%
Án ábyrgðar launagreiðenda		25,2%	25,3%	25,3%	26,5%	26,8%	27,5%	27,3%
SAL-sjóðir		31,6%						
Aðrir án ábyrgaðar launagreiðenda		22,9%						



Erindi Hannesar G. Sigurðssonar:


"Lífeyriskerfi í umbreytingu - samspli almannatrygginga og lífeyrissjóða."

- ✓ Glæný skýrsla Samtaka atvinnulífsins.
- ✓ Aukin örorkutíðni = vaxandi lífeyrisskuldbindingar hjá sjóðunum.
- ✓ Hækkun iðgjalds úr 10% í 11% á almennum vinnumarkaði almennt ekki varið til að auka lífeyrisréttindi.




Úr framnsöguerindi Hannesar:

- ✓ Eðlilegra að áfallatryggingar séu fjármagnaðar af samtímatekjum en með sjóðsmyndun.
- ✓ Óeðlilegt sé að lífeyrissjóðirnir verji jafn stórum hluta af lífeyrisgreiðslum sínum til örorkulífeyris og raunin hefur verið.
- ✓ Órt vaxandi örorkubyrði sjóðanna hefur varpað ljósí á hversu misjöfn hún er og ósanangirni þess að sjóðsfélagar tiltekinna lífeyrissjóða þurfi að bera þyngri byrðar en aðrir af þessum sökum í formi lakari ellilífeyris.



Tryggingafræðilegt upgjör 15 lífeyrissjóða:

- ✓ Breyttar forsendur um ævi- og örorkulíkur höfðu neikvæð áhrif á tryggingafræðilega niðurstöðu umræðdra 15 sjóða um 73 milljarða króna eða sem nemur 6,8% af heildarskuldbindingum í árslok 2004. Tryggingafræðileg staða lífeyrissjóðanna hefði verið jákvæð um 1,1% á árinu 2004 í stað þess að vera neikvæð um 5,7% ef ekki hefðu komið til breyttar forsendur um ævi- og örorkulíkur.



Framreikningur örorkulífeyris lífeyrissjóða og samspli við örorkulífeyri TR

- ✓ Framreikningar gera ráð fyrir að verulega hægi á fjölgun öryrkja á næstu árum og að fjöldi þeirra muni staðnæmast við 14-15 þúsund á næsta áratug, samanborið við 12.755 um síðustu áramót.
- ✓ Nú er hlutdeild lífeyrissjóða í örorkulífeyri í heild um 30/70 á móti TR. Hlutföllin verða 40/60 árið 2015 og árið 2025 verður hlutdeild lífeyrissjóða 45% og TR 55%.


endir



Erindi Sigurðar Thorlacius:

"Hvaða gagn geta lífeyrissjóðrnir haft af nýju starfi dósents í tryggingalæknisfræði"

- LL aðili að fjármögnum starfs dósents við læknadeild Háskóla Íslands.
- Fyrsta skipti sem samtök lífeyrissjóða gerast styrktaraðilar varðandi örorkumál.
- 5 ára tilraunaverkefni.



Hlutverk dósents í tryggingalæknisfræði:


- Ætlað að stunda rannsóknir m.a. á grundvelli gagna frá lífeyrissjóðunum.
- T.d. forsendur örorku og orsakir orkutaps.
- Samspli örorkulífeyris hjá TR og lífeyrissjóðunum.
- Aðgangur og kennsla að læknum og læknanemum um gerð læknisvottorða, þannig að þau verði vönduð og hnittmiðuð.



Hlutverk dósents:

- Rannsóknir á forsendum orkutaps:
- Hvaða sjúkdómar valda orkutapi?
- Próun undanfarandi ára.
- Samanburður milli starfsgreina.
- Árangur starfsendurhæfingar.
- Ráðgjöf.


endir



Erindi Stefáns Ólafssonar


"Örorka og samfélagsþátttaka"

- ❖ Öryrkjum hefur fjölgæð á Íslandi, m.a. vegna fólkstjöldunar og hækkun meðalaldurs, vakningu vegna geðrænna sjúkdóma, veiking skyldra forsjárkerfa, aukið álag á vinnumarkaði. Breytt örorkumat? Hvatar til atvinnupáttöku of litlir.



Úr erindi Stefáns:


- ❖ Ávinnungur öryrkja af launaðri vinnu afar lítill hvati!
- ❖ Ávinnungur öryrkja af lífeyristekjum - ríkið fær megnið af lífeyrirnum!
- ❖ Aukin skattbyrði öryrkja hefur dregið úr vinnuhvata.



Úr erindi Stefáns:

Megin stefna samkvæmt OECD-skýrslu:

- ❖ Tryggja öryrkjum viðunandi framfærslu.
- ❖ Auka samfélagslega þáttöku öryrkja.
- ❖ Ýmiss úrræði fyrir atvinnupáttöku, s.s. aðlögun á vinnustað, atvinna með stuðningi, fjárhagshvatar til atvinnupáttöku, starfsendurhæfing, þjálfun o.fl.



Niðurstaða Stefáns:

- ❖ Fjöldi öryrkja frekar lítill á Íslandi, þrátt fyrir mikla fjöldun undanfarið.
- ❖ Atvinnupátttaka öryrkja er of lítil, - brengri vinnumarkaður, of litlir hvatar, lélegt stoðkerfi.
- ❖ Auka og bæta þarf starfsendurhæfingu og beita í meira mæli úrræðum sem gefist hafa vel í OECD-ríkjunum.



endir



Úr framsöguverindi Péturs:


"Örorkumatið og samsþil lífeyrissjóða við
ónnur tryggingakerfi"

- 6 mánaða atvinnuleysi veldur örorku nema sjálfsmyndin sé því sterkari!
- Sjaldgæft að fólk sé veikt/slasað að hluta.
- Svipað vandamál öryrkja og atvinnulausra.




Lausnir sem Pétur bendir á:

- Vinna gegn einangrunog niðurbroti. Láta þann veika/slasaða/atvinnulausa ekki í friði!
- Umsjónarmaður sem hjálpar viðkomandi einstaklingsbundið.
- Samspil velferðarkerfisins verður samfellt en hugsanlega með tekjulausa biðdaga.




Lausnir sem Pétur bendir á:

- Horft á getuna til að vinna en ekki vangetu.
- 44% öryrki má vinna og hafa 56% af fyrri tekjum án skerðingar.
- Geta til að afla tekna metin frá 1% til 90%.
- Örorkan, þ.e. vangetan þá úr 100% niður í 10%.



Lausnir sem Pétur bendir á:

- Mat á örorku, endurhæfing og greiðsla örorkulífeyris er mjög sérhæf starfsemi.
- Mynda örorkugreiðslusjóð, sem vinnur að mati, endurhæfingu, persónulegum lausnum að atvinnuleit.



Lausnir sem Pétur bendir á:

- Hver öryrki, sjúklingur, slasaður, fái leiðbeinanda.
- Kostar mikið en sparar enn meira.
- Leiðbeinandinn getur verið úr hópi öryrkja og atvinnulausra.

endir




Erindi

Guðrúnar Hannesdóttur

"Mennt er móttur -
Hringsjá, stikla til starfs."

- ✓ Mikilvægt að fyrirbyggja varanlega örorku með virkri notkun bótagereiðslna, s.s. bregðast sem fyrst við, endurhæfingarlífeyrir, náms- og starfsendurhæfing.



Almenn markmið Hringsjár:


Að nemendur öðlist:

- ✓ Færni til að takast á við störf.
- ✓ Færni til að takast á við nám.
- ✓ Raunhæft sjálfsmat.
- ✓ Aukið sjálfstæði og aukin lífsgæði.



Nemendahópurinn:

- ✓ Flestir með 75% örorkumat eða endurhæfingarlífeyri.
- ✓ Meirihluti aðeins með grunnskólapróf eða litlu meir.
- ✓ Flestir áður starfandi á vinnumarkaði.



Árangur af starfi Hringsjár:

- ✓ 408 hafa lokið a.m.k. einni önn.
- ✓ 294 hafa lokið þremur önnum.
- ✓ 70% útskrifaðra fara í vinnu eða frekara nám.
- ✓ Sýnir ótvíraett að Hringsjá er stikla til starfs og stökkpallur til betra lífs!

endir




Erindi

Gunnars Kr. Guðmundssonar:


"Réttur til vinnu í stað bóta"

- Fjarvera frá vinnu er áhættubáttur: Verri heilsa og meiri líkur á dauðsföllum.
- Í USA fara 50% þeirra sem ekki eru komnir í vinnu eftir 8 vikur ekki í vinnu aftur. - 85% þeirra sem eru frá vinnu í 6 mánuði fara ekki aftur í vinnu!




Úr erindi Gunnars:

- Oft er talað um rétt til örorku. Purfum að snúa þessu við og tala um rétt til vinnu!
- Samstarf ráðuneyta er lítið í þessum málaflokki og oft óljóst hvaða ráðuneyti málefni einstaklings tilheyrir.



Úr erindi Gunnars:

- Miðpunkturinn í endurhæfingar-vinnunni er viljinn til að vinna. Viljinn til vinnu er mestur í upphafi veikinda.
- Grípa tímanlega inn í óvinnufærni og viðhalda tengslum einstaklinga við vinnustaðinn.
- Miðstöð starfsendurhæfingar.



Athyglisvert samstarfsverkefni:

- Tilraunaverkefni Vinnumálastofnunar og heilsugæslu.
- Markmið að hjálpa fólk í vinnumarkaði, sem hefur verið utan hans í 1 til 6 mánuði.
- Byggja á getu og styrkleika einstaklings.
- Vinnuleitin í miðpunktí allan tímann.

endir

